

Vopnafjarðarhreppur - Ársuppgjör

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2006 var lagður fram til fyrri umræðu í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mánudaginn 7. maí 2007. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn, síðari umræða verður um ársreikninginn á hreppsnefndarfundi miðvikudaginn 24. maí nk.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2006 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar, sem falla undir A-hlutastarfsemi sveitarfélagsins og samantekin ársreikning fyrir alla starfsemi þess þ.e. A -og B- hluta sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Til A-hluta þ.e Sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða aðalsjóð, en auk hans eru eignasjóður og þjónustumiðstöð Vopnafjarðarhrepps. Til B-hluta

með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B- hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir, Félagsheimilið, Lyfsala , Skiphólmi ehf. og Arnarvatn ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 144/1994, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Helstu niðurstöður ársreiknings eru eftirfarandi:

Rekstrarreikningur ársins 2006	Sjóðir í A-hluta		Samantekið A- og B-hluti	
	2006	2005	2006	2005
Tekjur:				
Skatttekjur	171.690.100	168.906.253	169.520.955	167.153.553
Framlag jöfnunarsjóðs	105.689.296	74.317.368	105.689.296	74.317.368
Aðrar tekjur	53.121.620	56.139.275	152.209.757	162.157.698
Samtals tekjur	330.501.016	299.362.896	427.420.008	403.628.619
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld	190.362.000	172.308.733	206.434.715	205.118.673
Annar rekstrarkostnaður	124.522.836	129.816.471	171.473.523	188.094.616
Samtals gjöld	314.884.836	302.125.204	377.908.238	393.213.289
Rekstrarniðurstaða (EBITA)	15.616.180	(2.762.308)	49.511.770	10.415.330
Afskriftir	(16.049.181)	(14.065.446)	(31.439.829)	(29.388.913)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	(433.001)	(16.827.754)	18.071.941	(18.973.583)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(399.223)	23.610.360	(63.958.990)	(16.101.223)
Rekstrarniðurstaða	(832.224)	6.782.606	(45.887.049)	(35.074.806)

Efnahagsreikningur	Sjóðir í A-hluta		Samantekið A- og B-hluti	
	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2006	31.12.2005
Fastafjármunir	580.532.424	590.380.551	1.019.061.716	1.048.006.762
Veltufjármunir	305.925.160	283.150.986	75.055.661	83.579.814
Eignir samtals	886.457.584	873.531.537	1.094.117.377	1.131.586.576
Eigið fé	318.644.132	319.476.356	225.501.343	271.388.392
Lífeyrisskuldbinding	36.431.195	31.954.302	36.431.195	31.954.302
Aðrar skuldbindingar	3.971.319	4.340.587	3.971.319	4.340.587
Langtímaskuldir	286.661.084	259.065.595	724.657.114	745.267.019
Skammtímaskuldir	240.749.854	260.809.738	103.556.406	80.751.317
Eigið fé og skuldir samtals	886.457.584	875.646.578	1.094.117.377	1.133.701.617

Sjóðstreymi	Sjóðir í A-hluta		Samantekið A- og B-hluti	
	2006	2005	2006	2005
Veltufé frá rekstri	12.673.758	(10.248.515)	13.155.959	(13.461.706)
Handbært fé frá rekstri	23.494.558	(14.487.586)	30.907.346	(16.742.821)
Fjárfestingahreyfingar	19.550.506	99.580.121	27.065.517	61.442.754
Fjármögnunarahreyfingar	(51.930.551)	(91.942.002)	(66.912.068)	(51.838.910)
Lækkun handbærs fjár	(8.885.487)	(6.849.467)	(8.939.205)	(7.138.977)
Handbært fé í upphafi árs	25.191.140	29.925.566	25.685.996	30.709.932
Handbært fé í lok árs	16.305.653	23.076.099	16.746.791	23.570.955